



Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Fimmtudagur 4/2 2021, klukkan 19:30 til 20:20.

Mættar: Helga Tr., Hrönn, Hildur, Systa, Gréta

1. mál. Umsókn fagråd framhaldsskóla. Sóttu um námskeið hjá Ingrid Kuhlman um jákvæða sálfræði framhaldsskólaráðgjafar hafa forgang. Fjar- eða staðnámskeið kemur í ljós síðar, verður í júní.

2. mál. Fundur hjá Allsherjar og menntamálanefnd síðastliðinn sunnudag 31. jan. Klara, Systa og Helga mættu. Kynntu málið/umsögnina.

3. mál. Uppgjör. Dagur náms- og starfsráðgjafar – 838.256 kr. sem hann kostar í heild. Rætt að ef það yrði aftur rafrænt þá yrði að rukka inn, þetta er það mikill kostnaður.

Kynningarefni 336.508 kr. Vantar reikning fyrir plakötum.

Staðan á reikningum: gjaldeyrisreikningur 850.000 kr. Innlánsreikningur 1,9 milljón.

4. mál. Nefndir og ráð.

Fræðslunefnd. Eru að skoða að gera eitthvað skemmtilegt fyrir félagi í gegnum netið, fá kannski uppistandara eða eitthvað slíkt – hafa um 300.000 kr. í þetta.

Fagråd grunnskóla. Þær eru bara tvær í fagråd grunnskóla þar sem þriðja er að fara í fæðingarorlof. Systa tékkaði áhuga á að gera starfslýsingu fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.

Í tengslum við starfslýsingu las Helga upp póst frá nemum í náms- og starfsráðgjöf. Hugmynd að búa til ramma fyrir ráðgjafa að vinna eftir (ráðgjafaáætlun eða starfslýsing?). Systa og Helga ætla að funda með þeim um þetta.

Fagråd atvinnulífsins. Helga og Guðbjörg eru báðar hættar í framhaldsfræðslunni. Hrönn hefur samband og athugar hvort það sé áhugi á að hittast og hvort þær muni starfa áfram.

Spurning um að reyna að fá Nönnu í stjórn. Systa eða Hrönn tékka á henni.

Norræna nefndin – Gréta segir að ekkert sé að gerast. Stefna að hafa fund í lok apríl.

Félagsmenn, Helga sá lista þar sem voru 260 manns.

5. mál. Aðalfundur tillaga að tímasetningu 12. eða 14 maí sitthvoru megin við Uppstigningardag.

6. mál. Helga ræddi hvernig við getum haldið áfram eftir menntastefnu vinnu. Fá ráð hjá Bjarkey um hvernig við eigum að halda áfram til að klára einhvern áfanga varðandi þessa stefnu.

7. mál. Skoða fyrir næsta fund að útbúa verkferla fyrir stöður eins og formannsstöðuna og fleiri í stjórn svo það sé auðveldara að taka við.

Fundi slitið *klukkan 20:20*

Næsti fundur eftir mánuð – nákvæm tímasetning ekki valin.

Fundarritari

Hrönn Grímsdóttir

